

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS

UPPGJÖR OG FRAMKVÆMD

SAMNINGS LHÍ OG MENNTA- OG

MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

SEPTEMBER 2017

m. viðauka

FORMÁLI

Helstu markmið með stofnun Listaháskóla Íslands (LHÍ) árið 1999 var að koma listnámi á Íslandi á háskólastig, en listaháskólar voru ekki starfræktir í landinu fyrir þann tíma.

Önnur markmið voru:

- Að stofna til þverfaglegs listaháskóla með hugmyndafræðilegri samlegð í takti við þróun samtímalista.
- Að leysa húsnaðisvanda þeirra listaskóla á framhaldsskólastigi sem fyrir voru.
- Að skapa góðan rekstrargrundvöll með þeirri samlegð sem fælist í sameiginlegum rekstri og rekstri háskólastarfs fyrir allar listgreinar undir einu þaki.

Framkvæmd grunnhugmyndarinnar hefur tekist með eftirtektarverðum hætti, enda er Listaháskóli Íslands orðinn eftirsóttur samstarfsaðili innanlands sem erlendis, auk þess að vera mikilvægt hreyfiafl í íslensku samfélagi. Með vaxandi hlutdeild skapandi greina í íslensku atvinnulífi hefur vægi skólans aukist umtalsvert.

Það sem ekki hefur tekist er að leysa þau önnur markmið sem lögð voru til grundvallar stofnun skólans og nefnd voru hér að ofan. Enn er t.a.m. ekki hægt að tala um þverfaglegan skóla í því mæli sem kröfur nemenda og kennara eru um, vegna þess hve starfsstöðvar deilda eru dreifðar.

Húsnaðisvandinn hefur ekki verið leystur og er hluti starfseminnar enn í því bráðbirgða húsnaði sem hún var við stofnunina. Annað húsnaði er ýmist óhentugt eða hefur ekki verið sniðið fyllilega að háskólastarfi á fræðasviði lista.

Með árunum hefur áhersla Listaháskóla Íslands á rannsóknir aukist mjög líkt og í öðrum háskólum í landinu. Rannsóknarstarf við LHÍ hefur þó liðið fyrir slaka fjármögnun, en sem stendur fær skólinn umtalsvert minna hlutfall sinna tekna frá ríkinu til rannsókna heldur en aðrir skólar í landinu. Af því leiðir að rannsóknarhlutföll akademískra starfsmanna eru að jafnaði lægri, rannsóknarleyfi færri og minna svigrúm til þess að sækja fé í samkeppnissjóði.

Í ljósi þess að LHÍ er eini skóli sinnar tegundar í landinu, hefur verið lögð áhersla á nauðsyn þess að fullfjármagna LHÍ þannig að nemendur í listnámi þurfi ekki að greiða skólagjöld frekar en aðrir sem stunda háskólanám sem einungis er í boði í einum skóla í landinu.

Jafnframt hefur LHÍ líkt og aðrir háskólar barist fyrir því að fjármögnun háskólastigsins verði í samræmi við stefnumótun Vísinda- og tækniráðs. Ljóst er að enn er langur vegur frá því að fjármögnun háskólastarfs á Íslandi sé í takti við meðaltal OECD ríkjanna, hvað þá Norðurlanda. Slíkt skerðir samkeppnishæfi LHÍ líkt og annarra íslenskra háskóla og tefur fyrir nauðsynlegum framförum og þróun innan háskólakerfisins.

AKADEMÍSKT STARF

Sem stendur býður LHÍ upp á nám á bakklár- og meistarastigi. Líkt og í upphafi er reynt að samþætta nám á milli námsbrauta og deilda eftir því sem kostur er, en húsnaði hamlar þeirri þróun þó töluvert. Samlegð í þróun akademísks starfs er þó umtalsverð vegna sameiginlegrar stjórnsýslu. Einnig á stoðsviðum, við eftirfylgni með gæðum, verkferlum, þróun námsbrauta, endurskoðun þeirra og stefnumótun fyrir skólann sem heild.

Skólinn starfar í fimm deildum; tónlistardeild, sviðslistadeild, myndlistardeild, hönnunar- og arkitektúrdeild og listkennsludeild, þar sem boðið er upp á nám á 18 námsbrautum.

Kvikmyndadeild hefur verið í burðarliðnum um marga ára skeið, enda eina listgreinin sem ekki er kennd á háskólastigi á Íslandi. Ekki hefur fengist fjármagn til að hefja starfsemi hennar.

Þróun námsframboðs

- Skólinn býður uppá menntun á bakkalárstigi á öllum fræðasviðum lista utan kvikmyndagerðar.



- Allar deildir skólans bjóða nú upp á alþjóðlegt meistaranám en það námsstig er í örri þróun með vaxandi áhuga erlendis frá. Töluverð vinna hefur verið unnin með það í huga að setja á laggirnar þverfaglegt meistaranám í listum, en dreifing húsnæðis og fjárskortur hefur hamlað nauðsynlegum undirbúningi slíkrar námsbrautar þrátt fyrir augljósan áhuga nemenda og samstarfsskóla.
- Hugmyndir um doktorsnám hafa verið ræddar innan LHÍ og þá fyrst og fremst í samhengi við samstarf við aðra skóla innanlands eða utan, sem njóta viðurkenningar á því stigi.
- Opni listaháskólinn hefur verið í þróun undanfarin misseri, en þar er horft til endurmenntunar og samnýtingar þekkingar með þarfir lista- menningar og atvinnulífs í huga. Einnig er horft til þess með hvaða hætti þekkingarsköpun innan LHÍ getur eflt almenning hvort heldur er í tómstundastarfi, með tilliti til þarfa fatlaðra, eða landsbyggðar. Á skólaárinu 2016-2017 var í fyrsta sinn í sögu skólans boðið upp á opin námskeið í öllum deildum og verður sá háttur hafður á framvegis. Búið er að móta stefnu um leiðir til að efla Opna listaháskólann, en starfskraft og fjármagn hefur skort til að hrinda því í framkvæmd.

Nokkuð hefur verið horft til hagnýtra námsleiða til að mæta þörfum atvinnulífs og samfélags. Má þar helst nefna hljóðfæra- og söngkennaranám og námsleið innan myndlistar með áherslu á sýningarstjórnun, hvoru tveggja á meistarastigi. Auk þess hefur listkennsludeild horft til þess að þróa námskeiðsframboð sitt með hagnýtum áherslum en mörg námskeiðanna eru opin fyrir starfandi listamenn, hönnuði og kennara í Opna listaháskólanum og er þar um mikilvæga leið til endurmenntunar að ræða.

Áskoranir við þróun námsframboðs eru þær helstar að skólinn býr við afar þröngan fjárhag og forgangsraðar í ljósi þess öllum verkefnum. Í ljósi ábyrgðar skólans á fræðasviðinu hvað varðar rannsóknir og þróun fagvettvangs hefur forgangsröðun verið í þágu meistaranáms sem hefur að sama skapi komið niður á fjölgun námsbrauta á bakkalárstigi og stofnun nýrra deilda á borð við kvikmyndadeild. Þess ber þó að geta að reglubundin endurskoðun námsbrauta hefur verið tryggð í gæðakerfi skólans sem tryggir eðlilega þróun námsbrauta á báðum námsstigum í síbreytilegu samfélagi og umhverfi.

Rannsóknir

Eitt helsta markmið LHÍ er að efla framsækna hugsun í listum og menningu og örva hverskonar þróun og nýsköpun á því sviði. Rannsóknir lúta bæði að eiginlegum listrannsóknum, fræðarannsóknum á sviði lista, sem og rannsóknum á þjóðararfi á sviði menningar og lista. Um frumkvöðlastarf er að ræða í flestum tilvikum enda enginn annar háskóli að sinna fræðasviðinu með sama hætti og LHÍ. Skapa þarf rannsakendum við LHÍ betri aðstæður og meira svigrúm til að sinna rannsóknum sínum og er þá sérstaklega horft til Norðurlandanna sem standa mjög vel að vígi á þessu sviði.

Rannsóknarfjármunir LHÍ eru þó þeir lægstu sem háskólar á Íslandi búa við, eða rétt rúmlega þriðjungur af því sem sá næstlægsti hlýtur. Af þeim sökum eru rannsóknarhlutföll lægri við LHÍ en við aðra háskóla hér á landi, auk þess sem rannsóknarsjóði skólans hefur ekki verið ýtt úr vör sökum fjárskorts.

Til að tryggja gæði rannsóknarstarfs LHÍ hafa allar deildir nú mótað sér rannsóknarstefnu, auk þess sem skólinn sem heild hefur unnið markvisst að stefnumótun á málavíðinu, m.a. með eftirfarandi aðgerðum:

- Nýtt matskerfi rannsóknarafraksturs á fræðasviði lista hefur verið þróað og stendur innleiðing nú yfir.
- Reglur um rannsóknarleyfi hafa verið innleiddar en úthlutun rannsóknarleyfa byggir á jafningjamati í samkeppni innan skólans.
- Reglubundnir rannsóknarfundir eru haldnir í hverri deild þar sem rannsóknarvirkni starfsmanna er skoðuð í samhengi við rannsóknarstefnu deildar og skólans í heild.
- Akademískir starfsmenn með rannsóknarhlutfall þurfa nú að skila greinandi umfjöllun um listsköpun sína, þar sem hún er sett í samhengi og ávinningi lýst. Þetta fer fram við árlegt mat rannsóknarafraksturs skólans.
- Farvegur fyrir birtingu rannsóknarafraksturs er í mótun.

- Útgáfusjóður hefur verið settur á laggirnar, sem stuðlar að miðlun rannsókna starfsmanna skólans.

Til að efla rannsóknir stefnir LHÍ að því að sérstakt fagråd fjalli um umsóknir af fræðasviði lista hjá Rannís, frekar en að vera undir fagráði með hugvísindum. Slíkt myndi efla þekkingu á rannsóknum á fræðasviði lista og flýta fyrir nauðsynlegum framförum í rannsóknarumhverfi tengdu menningu og listum, sem mjög er vanrækt á Íslandi.

STARFSFÓLK OG NEMENDUR

Mannauður; akademískir starfsmenn:

Frá 2013 hefur verið unnið að endurskoðun á starfsumhverfi allra starfsmannahópa LHÍ.

Vinnan hófst á endurskoðun á starfsumhverfi akademískra starfsmanna sem lauk eftir viðamikið samráðsferli við akademíska starfsmenn vorið 2015, þar sem mest mæddi á framkvæmdaráði skólans auk fagráðs. Haustið 2015 var nýr rammi um akademísk störf innleiddur í starfsemi Listaháskólans og verkferlar endurnýjaðir og/eða nýjir mótaðir eftir þörfum. Horft var til allra þátta sem snerta störf í akademísku starfsumhverfi sem fól m.a. í sér eftirfarandi breytingar:

- Skipan hæfisnefnda var endurskoðuð með þeim hætti að horft var frá því að skipa hæfisnefnd fyrir hvert starf sem var auglýst. Til að tryggja jafnræði og samfellu í hæfismati er nú ein nefnd sem starfar skv. nýjum ramma, þar sem bæði fagleg sjónarmið deilda og faglegir hagsmunir skólans eru tryggðir.
- Skerpt var á kröfum sem uppfylla þarf til að hljóta hæfi háskólakennara til lektors, dósentis eða prófessors.
- Deildarforsetar skulu hafa hlotið prófessorshæfi.
- Ráðningarfesta háskólakennara er takmörkuð með heildarráðningartíma til 10 ára, en var áður 8 ár. Takmörkuð ráðningarfesta er liður í því að ná fram markmiði skólans um að akademískir starfsmenn séu starfandi listamenn, hönnuðir eða fræðimenn, auk þess sem mannauður skólans endurnýjast með markvissum hætti í samhengi við þróun fræðasviða.
- Heildarráðningartími deildarforseta er 10 ár með eins misseris rannsóknarleyfi innan hvors fimm ára tímabils.
- Mótaðar voru reglur um veitingu heiðursnafnbóta og akademískra gestastarfa.
- Settar voru reglur um rannsóknarleyfi. Þau eru veitt af rektor í samræmi við meðmæli rannsóknarnefndar sem metur þau verkefni sem starfsmenn hyggjast vinna að í rannsóknarleyfinu. Umsóknir eru mun fleiri en þau leyfi sem hægt er að veita, sem sýnir enn og aftur mikilvægi þess að auka hlutdeild LHÍ í þeim fjármunum sem úthlutað er til rannsókna á háskólastigi.
- Tekið var upp framgangskerfi þar sem hægt er að fá framgang að undangengnu hæfismati.
- Þróaðar voru vinnuáætlanir til stuðning við starfsmenn við skipulagningu á starfsþáttum í samtali við deildarforseta. Þær hafa skilað þeim árangri að mun meira gagnsæi ríkir um vinnuframlag einstaklinga auk þess að jafna álag og tryggja að allir fái greitt fyrir framlag sitt til sameiginlegrar þróunar skólans utan þeirra eigin deilda.

Fjöldi stundakennara innlendra og erlendra er mikill og veitir nauðsynlega tengingu við fagvettvanginn innanlands og utan. Yfirstandandi er endurskoðun á starfsumhverfi stundakennara.

Mannauður; stoðsvið:

Unnið hefur verið að endurskoðun stoðsviða frá því endurskipulagningu starfsumhverfis akademískra starfsmanna lauk. Megináherslan var á starfsþróun og leiðir til að draga úr álagi. Samráð var haft við hvern einasta starfsmann í gegnum ferlið. Reynslan af þessari vinnu nýttist til að gera breytingar á starfsemi sem enn og aftur hefur skerpt á skilvirkni og gæðum í verkferlum:



- Horft var frá því að vera með mörg svið fárra eða jafnvel bara eins sérfræðings til þess að mynda teymi þvert á einingar, hvort heldur sem er utan um einstök verkefni, stefnumótandi þætti eða reglubundna liði í skólaárinu.
- Náms- og kennsluþjónusta var skipt upp í tvo þætti; námsþjónustu annars vegar og nýtt svið gæða, kennslu og rannsókna hins vegar.
- Þá var settur á laggirnar starfsþróunarsjóður stoðsviða sem veitti í fyrsta sinn styrki sl. vor. Áður hafði starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna starfað um nokkurra árabíl.
- Kannanir hafa verið lagðar fyrir starfsfólk frá árinu 2013 þar sem greint er viðhorf til ýmissa þátta sem varða starf, starfsumhverfi og stjórnun skólans. Mælanleg aukning var á starfsánægju samhliða vinnu við starfsumhverfi hvors hóps um sig. Niðurstöður sýna þó skýrt að áskoranir í mannauðsmálum eru töluverðar og helst fólgnar í bágu húsnæði og aðstöðu, álagi og launakjörum.

Nemendur

Nemendafjöldi hefur verið svipaður við skólann undanfarin ár. Samkeppni ríkir um að komast í nám við skólann og er inntökuhlutfall lægst allra íslenskra háskóla. Endurkomuhlutfall nemenda á annað ár hefur verið hátt og brotthvarf úr námi er lágt í öllum deildum. Stuðla allir þessir þættir að því að nemendafjöldi helst stöðugur við skólann.

- Námsþjónusta Listaháskólans hefur verið í þróun undanfarin ár. Starfsmenn hennar starfa í deildum og standa vörð um gæði á margvíslegan hátt í starfi þeirra, ekki síst með miðlun þekkingar um vinnulag, reglur og ýmis ferli. Námsþjónustan hefur jafnframt ráðist í stór þróunarverkefni á innra tölvukerfi skólans eins og rafrænu umsóknarferli og umfangsmiklum breytingum á kennsluskrá. Með þessu miðlæga, samræmda starfi er lögð áhersla á að skapa heildstæða umgjörð um nám og kennslu til að tryggja gæði skólastarfsins.
- Með innleiðingu lykiltalna hefur verið fylgst betur með ýmsum þáttum skólastarfsins og þannig stuðlað að auknu gæðaeftirliti.
- Síðastliðin ár hefur skólinn þróað mælitæki í formi kannana til að meta skólastarfið. Við gerð kannanna hefur verið leitað í smiðju erlendra listaháskóla til meta árangur skólans og nýta alþjóðleg viðmið til þess. Lögð er fyrir kennslukönnun til að meta kennslu í lok hvers námskeiðs, könnun til útskriftarnema er send út árlega og loks má nefna reglubundna könnun á afdrifum útskrifaðra nemenda. Þessar kannanir gefa einstakt tækifæri til að draga fram sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og þróa leiðir til að bóta þar sem það á við.
- Hefðbundin námsráðgjöf hefur verið í boði við skólann. Lögð hefur verið áhersla á að styrkja nemendur í listnámi sem felst að hluta til í annars konar stuðningi en í hefðbundnu háskólanámi.
- Undanfarin tvö ár hefur innleiðing starfsráðgjafar átt sér stað en hún byggir annars vegar á fræðslu til nemenda og hins vegar á að tengja starfsráðgjöf námsefni og námsbrautum skólans.
- Hollnemafélag Listaháskólans var stofnað fyrir tveimur árum og eykst starfsemi þess jafnt og þétt og styður markvisst við starfsþróun og starfsráðgjöf núverandi nemenda.

Í stefnu skólans frá 2013-2017 kemur fram að veita eigi nemendum hvatningu og stuðning í námi. Eftirspurn eftir þeim stuðningi sem námsráðgjöfin veitir hefur aukist töluvert síðastliðin ár og því þyrfti að efla náms- og starfsráðgjöf frekar. Fjárhagsleg staða skólans hefur haft þau áhrif að því markmiði hefur ekki verið náð.

TENGL

Miðlun til samfélagsins

Skólinn er mikilvægur áhrifavaldur í listum á Íslandi hvort sem snýr að framþróun fagsins eða umræðu. Miðlun til almennings á starfsemi skólans er virk og má þar sérstaklega geta að fjölmargir viðburðir eru opnir almenningi þeim að kostnaðarlausu á ári hverju og hafa á bilinu 12 – 17 þúsund manns notið þeirra undanfarin ár. Helstu áherslubreytingar í kynningarstarfi eru:

- Yfirlit yfir námsbrautir skólans og rafrænar kennsluskrár eru aðgengilegar á vef skólans, hvoru tveggja hefur verið þróað og betrubætt nýverið meðal annars til að veita betri upplýsingar til utanaðkomandi aðila.
- Vefur skólans hefur verið endurhannaður og leit dagsins ljós vorið 2016. Nýr vefur er opnari hvað efnistöð varðar, fréttamiðaðri og léttari í notkun.
- Samfélagsmiðlar hafa verið nýttir með markvissum hætti.
- Kynningarstjóri vinnur nú náið með verkefnisstjórum deilda.

Unnið er að frekari stefnumótun í kynningarmálum í yfirstandandi stefnumótunarvinnu.

Samstarf

Skólinn á í góðu samstarfi við aðra íslenska háskóla svo sem um þróunarverkefni á þverfaglegri námsbraut og samstarf um stök námskeið eða námsleiðir.

Samstarfsverkefni á ársvísu við stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga, innanlands sem utan, eru fjölmörg sum til lengri tíma en önnur skemmri. Margar afurðir á sviði nýsköpunar hafa sprottið upp úr þessu samstarfi við atvinnulífið, sumar margverðlaunaðar.

Gerð er ítarleg grein fyrir samstarfsverkefnum í ársskýrslum.

Alþjóðlegt samstarf

Skólinn er mjög virkur í alþjóðlegu samstarfi innan Evrópu og hefur samstarf við aðila utan Evrópu aukist síðustu ár. Með þátttöku í norrænum samstarfsnetum og alþjóðlegum verkefnum vex tengslanet skólans en þar gegna menntaáætlanir Erasmus+ og Nordplus veigamiklu hlutverki.

- Nemenda- og starfsmannaskipti í gegnum Erasmus eru hlutfallslega með því mesta sem gerist í íslenskum háskólum og hefur skólinn í tvígang hlotið gæðaviðurkenningu frá Rannís fyrir þátttöku sína í Erasmus menntaáætluninni. Fyrst árið 2012 og aftur árið 2015. Þessar viðurkenningar staðfesta ekki aðeins góðan árangur hvað varðar þátttökufjölda heldur eru þær gæðastimpill fyrir stjórnslu skólans.
- Með tilkomu alþjóðlegra meistaranámsbrauta hefur fjöldi erlendra nemenda við skólann aukist. Þetta kallar á aukna þjónustu bæði hjá námsdeildum og alþjóðaskrifstofu en þróa þarf lausnir til að mæta aukinni þörf á tvítyngdri upplýsingagjöf. Verið er að móta leiðir til að styðja betur við þennan hóp með því að bjóða íslenskunámskeið innan veggja skólans þeim að kostnaðarlausu. Þótt nám þeirra við skólann fari fram á ensku myndi aukin færni í íslensku skila sér í betri aðlögunarhæfni þeirra í íslensku samfélagi og aukinni þekkingu á menningu okkar og uppruna. Til þess að þetta megi verða að veruleika skortir aukið fjármagn.
- Síðastliðin þrjú ár hefur Listaháskólinn leitt samstarfsverkefni níu tónlistarháskóla.
- LHÍ er leiðandi aðili að samstarfsnetunum KUNO, sem er samstarf myndlistarháskóla og Norteas sem er samstarf sviðslistaskóla.
- LHÍ er þátttakandi í samnorrænu netunum Norplus, samstarf tónlistarháskóla, Cirrus, samstarf hönnunarháskóla, EDDA, samstarf um listkennslu og DAMA, þverfaglegu neti listaháskóla.

Þessi umsvif renna stoðum undir sterka ímynd skólans út á við og eru vitnisburður um traust samstarfsaðila.

Meðal samstarfsaðila eru eftirtaldir:

Þýskaland UDK, Weissensee, HGB Leipzig

Svíþjóð	Royal Institute of Art Stockholm KMH í Stokkhólmi, Konstfack Malmö Art Academy HDK Gautaborg
Danmörk	KADK Royal Academy of Music Aarhus/Aalborg Kolding Designskole
Noregur	KhiO (Oslo) KHiB (Bergen) Tromsø
Finnland	Aalto Helsinki University of the Arts (þ.m.t. TEAK og Sibeliusarakademian)
Austurríki	Akbild Hochschule für Angewandte Kunst
Bretland	Chelsea College of Art Falmouth Glasgow School of Art Edinburgh College of Art
Holland	Gerrit Rietveld Academy Royal Academy of Art HKU University of Arts
Frakkland	Marseille ECV Nantes Beaux-Arts de Paris l'ecole nationale superieure
Spánn	Universidad Politécnica de Valencia Escuela Superior de Diseño de Madrid Universitat de Barcelona
Eistland	Estonian Academy of Arts, Tallin
Ungverjaland	Moholy-Nagy Budapest Hungarian University of Fine Arts
Tékkland	Prag Academy of Arts Architecture and Design Academy of Fine Arts Prague
Belgía	ARBA, Brussel LUCA, Brussel ERG Brussel

Auk samstarfsaðila í Bandaríkjunum, Japan, Mexíkó, Indlandi og Ísrael.

STJÓRNSÝSLA OG SKIPULAG

Umtalsverðar umbætur hafa verið gerðar á stjórnsýslu skólans sem miða m.a. að skilvirkari þjónustu, aukinni teymisvinnu, gagnsæi, dreifingu valds, upplýstri umræðu og aukinni þátttöku nemenda. Hlutverk framkvæmdaráðs skólans er óbreytt sem samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans. Ráðið fjallar um sameiginleg málefni deilda, stoðsviða og skipulag skólastarfsins.

Fagráð

Unnið var að breytingum á fagráði veturinn 2014-2015. Hlutverk ráðsins var endurskilgreint og aukið á aðgreiningu þess frá framkvæmdaráði en samhliða skerpt á flæði á milli ráðanna tveggja sem beina málum sín á milli.

- Fagráð fer með faglega umfjöllun um akademísk málefni og hefur vald til að vísa málum til frekari skoðunar í undirnefndum þess: kennslunefnd og rannsóknarnefnd.
- Gerðar voru breytingar á skipan í ráðið með fækkun meðlima og aukinni þátttöku nemenda. Í ráðinu sitja fulltrúar hverrar deildar, stundakennara og nemenda sem eru ábyrgir fyrir flæði upplýsinga til og frá ráðinu.
- Fagráð kýs sér sjálfst formann, en áður var rektor ætíð formaður ráðsins.
- Fagráð heldur utan um Háskólafund LHÍ, mótar efni hans, framkvæmd og áherslur.

Breytingin hefur skilað góðum árangri til styrktar akademísku starfi, aukið gæði, skerpt og eflt faglega umræðu, ekki síst um hlutverk rannsókna, undir forystu rannsóknarnefndar og kennslunefndar. Sem stendur vinnur fagráð að stefnumótun um frekari þverfaglega námi við LHÍ, auk þess að stýra vinnu við að endurskilgreina og samræma hlutverk fagstjóra þvert á deildir.

Samráðsvettvangur stoðsviða

Samráðsvettvangur forstöðumanna á stoðsviðum ásamt framkvæmdastjóra og rektor var myndaður árið 2014.

- Vettvangurinn er ætlaður til upplýsingamiðlunar um stærri verkefni sem unnið er að á stoðsviðum hverju sinni og til að efla upplýsingaflæði úr framkvæmdaráði og fagráði til stoðsviða.
- Forstöðumenn sviða eiga auk þess greiðan aðgang að faglegri umræðu um sína málaflokka í gegnum þennan samráðsvettvang sem síðan ratar inn í framkvæmdaráð eða fagráð eftir atvikum.
- Teymisvinna hefur verið eflað í gegnum þennan vettvang.

Innra starf og gæðastýring

Undir lok árs 2016 varð til nýtt svið; gæði, kennsla og rannsóknir (GKR). Við það fluttust málefni sem áður tilheyrðu kennslustjóra frá náms- og kennsluþjónustu (nú námsþjónusta) til GKR.

- Starf kennslustjóra var lagt niður en þess í stað ráðnir tveir verkefnastjórar (í eina og hálfu stöðu) undir stjórn starfsmanns sem áður sinnti einn rannsóknarþjónustu. Með þessu var búið til teymi þriggja aðila sem allir hafa innsýn inn í málsviðið sem heild en eru þó sérfræðingar hver á sínu sviði. Þriggja starfsmanna teymi GKR vinnur náið með námsþjónustu skólans, verkefnastjóra háskólaskrifstofu og kynningarstjóra.
- Starfsmenn sviðsins vinna náið með kennslunefnd annarsvegar og rannsóknarnefnd hinsvegar, auk reglulegs samráðs við rektor og framkvæmdaráð.
- Rannsóknir og gæðamál heyra nú einnig undir þetta nýja svið. GKR annast mál á borð við innri kannanir, verkferla, lykiltölur, gæðahandbók, kennslumat, kennsluskrá, skólareglur, mat á rannsóknarafrastrí, útgáfumál, Opna listaháskólann og fleiri mál tengdum gæðastjórnun.

Ráðning fjármálastjóra

Aðalbókari LHÍ sagði upp störfum sumarið 2016. Í staðinn var ráðinn fjármálastjóri sem vinnur náið með framkvæmdastjóra að gerð og eftirfylgni áætlaða auk bókhaldsstarfa. Verið er að undirbúa rafrænar undirskriftir og skönnun reikninga. Starf bókara hefur í kjölfarið verið endurskoðað.

HÚSNÆÐI OG INNVIÐIR

Húsnæði

Starfsemi LHÍ er nú dreifð á fimm staði í borginni sem skapar verulega erfiðleika við að ná fram samlegð í rekstri eða markmiðum um þverfaglega nálgun á fræðasviði lista. Því er ljóst að ekki verður öllum markmiðum náð við núverandi aðstæður. Kennslurými standast í mörgum tilvikum ekki faglegar kröfur, í verstu tilfellum eru þau undir eftirliti heilbrigðiseftirlits vegna þess hve húsakosturinn er lélegur.

Aðbúnaður nemenda innan skólans er því mjög ólíkur eftir því hvar starfsemin er staðsett og það sama á við um aðbúnað starfsmanna, hvort heldur sem horft er til akademískra starfsmanna eða starfsmanna stoðsviða.

Húsnæðisvandi skólans er stærsta hindrunin í því að markmiðum um þverfaglegt nám verði náð og að ávinningur hljótist af sambylí ólíkra listgreina. Framvinda síðustu ára hefur þó verið nokkur hvað húsnæði varðar og ber þá helst að nefna:

- Sérhannað húsnæði sviðslistadeildar í Austurstræti. Leigusamningur um það húsnæði fer þó að stytast og alls óljóst er hvort samningar náist um endurnýjun hans vegna breyttra aðstæðna á húsnæðismarkaði í miðborginni.
- Húsnæði í Laugarnesi hefur verið bætt, ekki síst aðstaða starfsmanna og nemenda á meistarastigi. Nú í haust er unnið að lagfæringum á mötuneyti og alrými fyrir framan bókasafnið.
- Heilbrigðiseftirlitið lokaði aðstöðu tónlistardeildar í Sölvhólgötu vorið 2017 og hefur öll starfsemi hennar nú verið flutt í Skipholt.
- Bókasafn í Sölvhólgötu hefur verið sameinað bókasafni í Þverholti.
- Tveimur lausum bráðabirgðahúsum í Sölvhólgötu hefur verið lokað og verða þau flutt á brott innan tíðar.
- Menntamálaráðuneytið hefur opnað á samtal um framtíðarhúsnæði LHÍ og vinnur nú undirbúningsnefnd að því að gera frumathugun og uppfæra þarfagreiningu með það að markmiði að færa alla starfsemi skólans í Laugarnes.

Brýnustu áskoranir hvað húsnæðisvandann varðar eru þó enn sem áður mjög alvarlegar:

- Enn er leitað leiða til að koma sviðslistadeild LHÍ úr Sölvhólgötu þar sem húsnæðið er mjög bágborið. Er þar horft til þess að færa starfsemina varanlega í Laugarnes en til þess skortir fjármuni til þess að Ríkiseignir geti hafist handa. Ljóst er að heilbrigðiseftirlitið mun gera athugasemdir við heilnæmi starfstöðvarinnar.
- Vegna ástands hússins í Sölvhólgötu og bráðaaðgerða til að ráða bót á því, hefur starfsstöðvum skólans fjölgað úr þremur í fimm á stuttum tíma, með töluverðu óhagræði og enn minni hugmyndafræðilegri samlegð en áður.
- Aðgengi fatlaðra er mjög skert að nánast allri starfsemi LHÍ. Verst er þó ástandið í Sölvhólgötu og Laugarnesi þar sem ekki eru lyftur á milli hæða. Í öðrum húsum er ástandið skárna en þó ekki ákjósanlegt þar sem hreyfihamlaðir þurfa í nánast öllum tilvikum töluverða aðstoð til að komast leiðar sinnar.

Innviðir

Til hagræðingar í rekstri var ráðist í umfangsmikla endurskipulagningu á tölvusviði, bókasafni og mötuneytum.

Tölvusvið

Endurskipulagning á tölvusviði skólans fór fram 2014. Starfsmönnum tölvusviðsins, utan eins sem sér um þjónustu við nemendur og starfsfólk, var sagt upp og sviðið í reynd lagt niður. Leitað var samninga við fyrirtækið Þekkingu um viðamikla og bráðnauðsynlega endurskipulagningu til að tryggja öryggi rafrænna gagna. Gagngerar umbætur voru gerðar á tölvukerfum og tölvubúnaði skólans og má þar m.a. nefna:

- Tryggð var örugg vefhýsing gagna utan skólans.
- Vefþjónar voru endurnýjaðir.
- Tekin var upp ný tölvupóstþjónusta.
- Tekið var upp nýtt vefumsjónarkerfi.
- Tekið var upp nýtt símakerfi.
- Í kjölfarið var hægt að auka stórlega aðgengi nemenda og starfsfólks að nauðsynlegum hugbúnaði, en áður hafði slíkt ekki verið hægt vegna öryggissjónarmiða.

Áfram er unnið að nauðsynlegum umbótum á tölvu- og tækniþjónustu. Nú er verið er að vinna við að setja upp:

- Skjalavörslukerfi.
- Innri vef fyrir starfsfólk.
- Einnig er verið að kaupa og þróa netþjón og hugbúnað til að vista, varðveita og skipuleggja frumheimildir vegna rannsókna.
- Nýtt prentumsjónarkerfi hefur verið tekið í notkun til að stýra aðgengi nemenda að prenturum.

Á tölvusviði skólans er sem stendur einungis einn starfsmaður í fullu starfi sem þjónustar allt starfsfólk og nemendur.

Bráðnauðsynlegt er að til LHÍ verði ráðinn kerfisfræðingur sem sinnir rekstri og viðhaldi á tölvukerfum- og búnaði, en slík ráðning hefur ekki verið möguleg vegna fjáðskorts.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta

2016 flutti safnkostur tónlistardeildar og sviðslistadeildar úr húsnæði við Sölvhólsgötu og var sameinaður safnkosti hönnunar- og arkitektúrdeildar í Þverholti. Flutningarnir voru nauðsynlegir til að ná fram hagræðingu í rekstri safnsins. Áskoranir fylgdu flutningunum, ekki eingöngu voru þeir kostnaðarsamir, heldur drógu þeir úr þjónustu við nemendur og kennara tveggja deilda. Við því var brugðist með því að lengja opnunartíma safnsins í Þverholti um eina klukkustund á dag og bjóða upp á opnanir á laugardagseftirmiðdögum í Þverholti og Laugarnesi.

Ljóst er að þjónusta bókasafns LHÍ verður þó aldrei viðunandi fyrr en hún er komin undir eitt þak. Þess má geta í því sambandi að bókasafnið er almenningsbókasafn og býr yfir stærsta safnkosti landsins á fræðasviði lista.

Mötuneyti

Listaháskólinn hætti rekstri mötuneyta vorið 2016. Áður rak skólinn þrjú mötuneyti þar sem störfuðu sex manns í fimm stöðugildum.

Í dag er matarþjónusta á vegum utanaðkomandi aðila sem fá aðstöðuna sér að kostnaðarlausu gegn því að bjóða nemendum og starfsfólki mat á sanngjörnu verði. Þessir aðilar taka þátt í föstum kostnaði eins og rafmagni og hita.

STEFNUMÓTUN

Stefna aðila (til þriggja ára)

Listaháskólinn skilaði í desember 2016 til menntamálaráðuneytisins sértækum markmiðum sem varða stefnu til næstu þriggja ára. Markmiðin eru eftirfarandi en nánar má lesa um þau í fylgiskjali 1.

1. Að efla rannsóknarstarf á fræðasviði lista.
2. Að efla starfsemi Opna listaháskólans.
3. Stofnun meistaranáms í arkitektúr.

Rekstrarþættir:

1. Uppbygging framtíðarhúsnæðis í Laugarnesi.
2. Bætt starfsumhverfi.
3. Efling innviða.

Stefnumótun Listaháskólans 2018 – 2022

Núgildandi stefna nær yfir tímabilið 2013 – 2017 og er nú unnið að endurnýjun hennar.

Vinna við stefnumótun fyrir árin 2018 – 2022 hófst um síðastliðin áramót og er áætlað að ný stefna verði kynnt síðla árs 2017, eftir víðtækt samráð innan skólans sem utan.

Áhersla er lögð á að huga vel að þeim skapandi ferlum sem skólastarfið snýst um

ásamt hefðbundnari viðmiðum háskólastarfs í þessari endurskoðun, enda meginhlutverk Listaháskóla


Íslands að skapa þekkingu á fræðasviði lista og stunda rannsóknir innan þeirra listgreina sem undir hann heyrja.

Í ferlinu hefur verið lögð áhersla á viðtækt samráð innan skólans við starfsfólk og nemendur.

Vinnunni var ýtt úr vör með því að leitað var til deilda, sviða, nefnda og ráða innan skólans og var því öllu starfsfólki boðin aðkoma að vinnunni. Að sama skapi var haft samráð við aðra hagaðila utan skólans þar sem boðað var til opins stefnumótunarfundar. Stýrihópur starfsmanna úr öllum hópum skólans auk nemenda þróar vinnuna áfram.

Í vor hafði verið unnið úr því sem fram kom í samráðsferlinu og skerpt á áherslum. Sjá mynd 1.

Hlé var gert á vinnunni fyrir sumarfrí, áætlað er að hefja hana að nýju í fyrri hluta september og að henni verði lokið fyrir áramót.



Mynd 1.

HELSTU ÁSKORANIR LHÍ

Helstu áskoranir í starfsemi Listaháskóla Ísland felast í þremur þáttum; húsnæðisvandanam, fjármögnun og skorti á fjármunum til rannsóknarvinnu.

- Húsnæðisvandinn hefur fylgt skólanum frá upphafi og verður ekki leystur með viðunandi hætti fyrr en öll starfsemi hefur verið flutt á einn stað í byggingu þar sem fagleg sjónarmið ráða hönnun, tækjabúnaði og aðbúnaði nemenda og kennara.
- Fjármögnun LHÍ er rétt eins og annarra háskóla á Íslandi mjög ábótavant ef miðað er við stefnu Vísinda- og tækniráðs eða þau viðmið sem eðlileg þykja á Norðurlöndum eða í OECD löndunum.
- Sú staðreynd að LHÍ er eini listaháskólinn á Íslandi, en er eigi að síður tilneyddur til að innheimta skólagjöld af nemendum sínum, vekur upp spurningar um jafnrétti til náms hér á landi. Ljóst er að nemendur á fræðasviði lista þurfa að greiða mun meira fyrir sitt nám en þeir



- sem stunda annars konar nám í landinu. Krafan um fullfjármagnaðan listaháskóla verður því sífellt hávæðari meðal nemenda.
- Kennaranám hefur átt á brattann að sækja og er nú svo komið að yfirvofandi kennaraskortur er í landinu. LHÍ útskrifar fjölmarga kennara á ári hverju (sem hafa sömu réttindi til kennslu og þeir sem sækja sér kennaramenntun í öðrum háskólum) og er mikil eftirspurn eftir slíku námi meðal þeirra sem áður hafa sótt sér listmenntun. Ljóst er að LHÍ gæti útskrifað mun fleiri kennara ef þeir nemendur sem stunda kennaranám við skólann þyrftu ekki að borga skólagjöld. Horfa mætti til þess að ríkið legði fram þá fjármuni sem þarf til að slíkt væri mögulegt – jafnvel tímabundið – og fjölga þannig menntuðum kennurum um leið með litlum tilkostnaði.
- Líkt og ítrekað hefur verið bent á undanfarin ár hefur fjárframlag ríkisins til rannsókna við LHÍ verið mun minna en framlag til annarra háskóla. Af því leiðir að rannsóknarstarf við skólann hefur ekki þann slagkraft sem það gæti haft ef skólinn fengi sambærileg framlög og aðrir skólar. Nýsköpun á fræðasviði lista sem og rannsóknum á menningararfri þjóðarinnar er því ábótavant.

VIÐAUKI – SVÖR VIÐ EFTIRFARANDI FYRIRSPURN MMRN UM FREKARI UPPLÝSINGAR (svör LHÍ eru skáletruð)

1 ÞÖRF FYRIR ÞJÓNUSTU

Hvernig þróaðist þörf fyrir/eftirspurn eftir þjónustunni á tímabili samningsins?

Svar:

- a) *Á heildina litið hafa aðsóknartölur í LHÍ innanlands haldist stöðugar. Aukningu má merkja erlendis frá vegna þróunar alþjóðlegra meistarnámsbrauta. Inntökuhlutfallið er þó eftir sem áður mjög lágt miðað við aðra háskóla á Íslandi (á bilinu 25 – 35% eftir því hvort tekið er inn í sviðslistadeild), sem skýrir stöðugan fjölda nemenda í skólanum. Hæst er inntökuhlutfallið í liskennsludeild, enda um meistaranám að ræða og mikil þörf fyrir kennara í landinu.*
- b) *Opni listaháskólinn er nú stafræktur að nýju vegna mikillar eftirspurnar, en þó ekki af því afli sem þörfin segir til um. Áform eru um að efla hann mjög á næstu misserum og má gera ráð fyrir auknum tekjum af honum. Fram að þessu hefur staðið á því að hægt sé að ráða í eitt stöðugildi til að sinna verkefninu.*
- c) *Á bakkalárstigi hefur þörf fyrir námsbraut á sviði sjónrænnar miðlunar (visual communication) þar sem farið er í auknum mæli inn á brautir sýndarveruleika, samfélagsmiðla og leikjafnaðar komið í ljós, en fjárhagsstaða ekki ekki leyft frekari þróun slíkrar brautar eða þróun viðbótar við það nám sem fyrir er.*
- d) *Á samningstímanum jókst krafa um meistaranám stöðugt og nú er í boði alþjóðlegt meistaranám í öllum deildum, ein braut í hverri deild.*
- e) *Í hönnunar- og arkitektúrdeild er þess utan verið að undirbúa meistarastig í arkitektúr sem einnig er mikil eftirspurn eftir innan þeirra faggreinar, enda mikilvægt að hægt sé að fullnema sig til starfsréttinda innan landsteinanna, sem ekki er raunin sem stendur. Sú braut mun að öllu forfallalaus taka inn fyrstu nemendur haustið 2018.*
- f) *Töluverð eftirspurn hefur verið eftir námi í sýningarstjórnun á sviði myndlistar, enda safnastarf öflugt á Íslandi. Því er verið að þróa slíka braut innan meistarnáms í myndlistardeildinni.*
- g) *Síðustu ár hefur krafa um doktorsnám orðið meira áberandi á fræðasviði lista, enda komin góð og faglega unnin fordæmi fyrir slíku námi í nágrannalöndum okkar og þeim skólum sem LHÍ ber sig við. Rætt hefur verið um að koma slíku námi af stað í samstarfi við HÍ. Slíkar viðræður eru þó á frumstigi.*
- h) *Þörf fyrir að færa kvikmyndanáms upp á háskólastig líkt og aðrar listgreina á Íslandi fer mjög vaxandi og óhætt er að segja að mikil óánægja sé meðal kvikmyndagerðarmanna yfir því að af því hafi ekki orðið. Þörfinni hefur þó ekki verið hægt að mæta vegna skorts á fjármunum enda liggur vilji menntamálaráðuneytisins ekki fyrir um málaflokkinn. Á samningstímanum hefur samtalið um mikilvægi slíkt náms mjög oft ratað inn á borð LHÍ, fyrst og fremst innan úr listgreininni sjálfri. Ljóst er að kvikmyndalist mun ekki ná fullum slagkrafti nema listgreinin njóti sama atlætis og aðrar listir, með tilliti til námsmöguleika á háskólastigi, þar sem auðvelt er að rækta hugmyndafræðilegan jarðveg á fyllilega faglegum grunni innan lands sem utan.*
- i) *Eftirspurn eftir námi til kennararéttinda er mikil og samfélagslega þörfin ekki síður. LHÍ hefur með stofnun listkennsludeildar sinnt skyldum sínum mjög vel enda útskrifast nemendur með full kennsluréttindi sambærileg þeim sem fást t.d. á menntavisindasviði HÍ. Þó er ljóst að hægt væri að mæta þeirri þörf sem er í íslensku samfélagi fyrir menntaða kennara mun betur ef námið væri fullfjármagnað, þ.e.a.s. ef nemendur í listkennsludeild væru undanþegnir skólagjöldum. Að mati LHÍ væri það vel þess virði að skoða þann möguleika af ríkisins hálfu og stuðla þannig að því að fleiri nemendur útskrifist með kennararéttindi. Skólagjöldin eru hindrun fyrir marga,*



en ef námið væri fullfjármagnað væri hvatinn til að leggja í slíkt nám meiri fyrir stærri hóp fólks.

- j) Þörf fyrir leikskólakennarabraut innan listkennsludeildar LHÍ er mikil og myndi nýtast samfélaginu vel. Á þessu ári voru einungis örfáir einstaklingar sem innrituðust í leikskólakennaranám hér á landi (við HÍ) þrátt fyrir mjög brýna þörf. Leikskólakennaranám á forsendum lista væri viðeigandi valkostur fyrir yngsta skólástigið, valkostur sem líklegur væri til að auka áhugann fyrir faginu og auka fjölda útskrifaðra leikskólakennara umtalvert.
- k) Áhugi á meistaranámi þvert á listir og jafnvel vísindi hefur verið að aukast, enda er LHÍ í einstakri stöðu til að svara slíkri þörf vegna þess hversu margar listgreinar eru kenndar innan hans. Erlendis eru slíkar brautir að ryðja sér rúms sem svar við kalli tímans, enda gera nemendur ríka kröfu um að geta unnið þvert á listirnar. LHÍ stóð fyrir “pilot” námskeiði í samvinnu við Chicago Institute of Arts, Raumexperimente í Berlín og HÍ til að kanna þennan grunn nánar en því miður leiddi ítrekaður niðurskurður til þess að ekki reyndist unnt að þróa námið frekar þrátt fyrir mikinn áhuga og góða reynslu af þeirri hugmyndafræðilegu vinnu sem lögð var til grundvallar. Um var að ræða námsleið sem hefði getað vakið mikla athygli innan fræðasviðs fræðasviðs lista með samstarfi lista og vísinda og þátttöku mjög vandaðra erlendra skóla.
- l) Þörf fyrir rannsóknir á fræðasviði lista eykst af miklum þunga, ekki síst þegar viðkemur menningar- og listarfi Íslendinga. LHÍ hefur ekki haft fjárhagslega burði til að sinna þessum þætti með viðunandi hætti. Afleiðingarnar eru þær að víða má búast við að menningarverðmæti þjóðarinnar glatist. Þörf fyrir eiginlegar listrannsóknir eykst einnig í réttu hlutfalli við styrk skólasterfsins, enda rannsóknir á fræðasviði lista ómetanlegar til að auka gæði kennslu og fræðastarfsins rétt eins og á öðrum fræðasviðum.

Tókst að mæta eftirspurn/þörf á samningstímanum?

Svar:

- a) Ekki í öllum tilvikum, enda hefur ítrekaður niðurskurður og fjárhagslegt aðhald komið í veg fyrir magvíslega þróun sem ætti þó að teljast eðlileg í háskólastarfi LHÍ og vera samfélaginu til framdráttar. Má þar helst nefna, meistaranám í arkitektúr, kvikmyndanáms, leikskólakennaradeild, þróun þverfaglegs meistaranáms og þróun doktorsnáms.
- b) Hvað rannsóknir varðar á LHÍ eru lág framlög til rannsókna mjög hamlandi og þar er nú mikil uppsöfnuð þörf. Öll kerfi til rannsóknarstarfs hafa þó verið þróuð innan skólans. Vitund utan skólans um vægi fræðasviðs lista, eða hinna skapandi greina eykst í réttu hlutfalli við áhuga vísinda og atvinnulífs á aðferðafræði sköpunar svo LHÍ telur orðið mjög brýnt að úr þessari undirfjármögnun sé bætt svo hægt sé að mæta þörfinni.

Er til spá um þróun eftirspurnar/þörf á næstu árum (t.d. 5 árum)?

Svar:

- a) Gert er ráð fyrir stofnun kvikmyndadeildar.
- b) Gert er ráð fyrir þróun doktorsnáms.
- c) Gert er ráð fyrir meiri fjölbreytni í meistaranámsbrautum, þar sem þörfin er brýnust (sbr. hér að ofan). Einnig er gert ráð fyrir meiri skörun og samvinnu við aðra háskóla um þróun námsbrauta í samræmi við þann þverfaglega takt sem er í þróun tækni og vísinda og hafa margar stofnanir lýst áhuga á slíku samstarfi, innanlands sem utan.
- d) Eigi að síður er miðað við að inntökuhlutfall haldi áfram að vera lágt og skólinn vaxi hægt hvað fjölda nemenda varðar. **Í ljósi þeirrar ráðeildar sem LHÍ hefur sýnt við inntöku nemenda hvað fjölda varðar á samningstímanum gerir skólinn ráð fyrir að í nýjum þjónustusamningi verði sá nemendafjöldi sem skólinn hefur heimild fyrir óskertur og skólanum þannig gert kleift að bregðast við eðlilegri fjölgun sem þjóðarskóli á sínu fræðasviði.**
- e) Áform eru um að byggja Opna listaháskólann upp af krafti og deila þannig þeirri þekkingu sem skólinn býr yfir bæði til að stuðla að endurmenntun og uppfræðslu almennings.



- f) Þörfin fyrir háskólakennslu eða samstarf á fræðasviði lista hefur aukist mjög á landsbyggðinni. Reynt hefur verið að mæta henni eftir því sem unnt hefur verið en gert er ráð fyrir að efla slíkt starf til muna á næstu árum.
- g) Þörf fyrir listnám (diplómanám) fyrir fatlaða er í þróun eftir margítrekaðar óskir hagsmunasamtaka þar um.

2 FAGLEG FRAMMISTAÐA:

Hversu vel hefur LHÍ staðið sig gagnvart væntingum, viðmiðum og kröfum um fagmennsku og gæði? Hér er vísað til:

- a) Mönnunar; LHÍ skal tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum faglærðum og ófaglærðum starfsmönnum svo hægt sé að veita þá þjónustu sem fram kemur í samningi.
- b) Menntun starfsmanna; LHÍ skal tryggja að allir sem inna ef hendi starf við skólann hafi hlotið til þess viðhlítandi menntun og starfsþjálfun.

Svar:

Listaháskólinn vinnur samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 og uppfyllir þau skilyrði sem snúa að ráðningum akademískra starfsmanna (sjá 17. og 18 gr.). Akademískir starfsmenn í stöðum lektors, dósentis og prófessors eru ráðnir hafi þeir hlotið hæfi að mati hæfisnefndar. Nefndin leggur mat á hæfi út frá eftirtöldum þáttum; menntun, listsköpun, rannsóknnum, kennslu og akademískum störfum, og stjórnun. Auk þess tekur hæfisnefnd til skoðunar sértæk atriði sem tilgreind eru í starfsauglýsingum. Samskonar hæfismat er framkvæmt í ráðningum deildarforseta enda skulu þeir hafa prófessorshæfi.

Nýverið var starf og hlutverk hæfisnefndar við LHÍ endurskoðað og er gerð ítaleg grein fyrir hlutverki hæfisnefndar, skipan hæfisnefndar og öðru því lúðandi í **Reglum um veitingu akademískra starfa**, á vefsíðu skólans.

Við ráðningar sérfræðinga er horft til menntunar og fagþekkingar; má þar nefna námsráðgjafa, bókasafnsfræðinga, fjármálastjóra, mannauðsstjóra o.s.frv.

Við ráðningar í aðrar stöður innan LHÍ, sem ekki teljast akadmískar, er horft til menntunar en ekki síður reynslu; má þar nefna stöður á verkstæðum, deildarfulltrúa og verkefnastjóra.

Þess ber þó að geta í þessu sambandi að í aðhaldsaðgerðum síðustu ára hefur LHÍ verið knúinn til þess að minnka þjónustu við nemendur og starfsfólk eins og frekast er kostur um leið og horft hefur verið til þess að standa vörð um kjarnastarfsemi skólans; kennslu og rannsóknir. Við þær aðgerðir hefur ófaglærðu starfsfólki innan skólans fækkað, svo sem í mótuneytum og við þrif, sem hvort tveggja hefur verið útvistað.

Við aðhaldsaðgerðir og niðurskurð síðasta áratugar hefur álag aukist mjög á starfsfólk svo mönnun er víða óviðunandi, hvað fjölda starfskrafta varðar. Margir veigamiklir þættir í skólastarfinu eru reknir af einum starfskrafti svo lítið má út af bregða til að viðkomandi starfsemi skerðist eða lamist að meira eða minna leyti. Ljóst er að skólinn gæti haft mun meiri slagkraft og nýtt þá þekkingu sem hann býr yfir betur ef fjármagn til einhverra nýráðninga væri fyrir hendi. **Sem dæmi um slíkt má nefna ráðningu kerfisstjóra sem slegið hefur verið á frest í þrjú ár vegna fjárskorts, þrátt fyrir að þörfin sé sannarlega brýn og í raun óhjákvæmilegt að bregðast við.**

3 ÆTTI AÐ BREYTA SKILMÁLUM EÐA FRAMKVÆMD SAMNINGS AÐ MATI LHÍ.

Hversu vel hefur framkvæmd samningsins gengið þegar á heildina er litið, þ.m.t. samskipti ráðuneytis og rekstraraðila?

- a) Hvað hefur gengið vel? Hver er ástæðan?

Svar:

Í meginatriðum hefur framkvæmd samningsins gengið vel. Samskipti við starfsmenn ráðuneytisins hafa verið góð og upplýsingaflæði ágætt upp að því marki sem því er ekki hamlað vegna skorts á pólitískri stefnumótun eða fjármögnun.

Reglulegir samráðsfundir hafa skipt miklu máli og samskipti við þá sem að þeim koma verið góð.

b) Hvað hefur gengið illa eða ekki gengið eftir? Hver er ástæðan?

Svar:

Mjög erfitt hefur verið að ná samtali og/eða pólitískri samstöðu um stóra liði í þróun skólans og framvindu skólastarfsins. Sem dæmi um brýn málefni sem erfitt hefur verið að reka í ráðuneytinu má einkum nefna húsnæðismálin, málefni Dansmenntar, framlög til rannsóknarstarfs og stofnun kvikmyndadeildar.

Þessir liðir eru fyrirferðarmiklir, ýmist í rekstri/aðbúnaði eða hugmyndafræðilegri þróun skólans, en samt sem áður hefur gengið illa að finna viðunandi lausnir eða ná fram pólitískum vilja eða stefnu til að vinna með. Í raun hefur skólinn þurft að reka slíkan málflutning á almennum vettvangi, ekki síst hvað húsnæðisástandið varðar, sem er ekki ákjósanlegt.

Mikil bót hefur þó verið hvað þetta varðar á þessu ári, þar sem nýr ráðherra sýndi strax bæði vilja til umbóta, skilning og frumkvæði.

Í einhverjum tilvikum var LHÍ ekki gert kleift að taka þátt í samráði um málefni sem skólinn taldi að almennur ávinningur væri að fyrir námsmenn í landinu ef allir sem málið varðar hefðu af því aðkomu. Sem dæmi má nefna þegar verið var að móta stefnu um menntaskóla í tónlist. Þar hefðu sjónarmið LHÍ án efa átt erindi inn í umræðu um með hvaða hætti mætti auka gæði tónlistarmenntunar í landinu og skapa viðundandi samfellu í námsferli tónlistarnemenda. Samráð er yfirleitt af hinu góða þó ekki sé nema til að auka skilning á annars ágætum fyrirætlunum.

c) Hvernig ætti reynsla af framkvæmd samningsins að skila sér inn í nýjan samning, þ.e.a.s. hafa áhrif á form og efni nýs samnings?

Svar:

Reglubundir fundir með ráðherra um þau málefni tengd LHÍ sem krefjast pólitísks vilja og stefnumótunar myndu auka mjög gæði samstarfsins við ráðuneytið. Slíkir fundir myndu einnig auðvelda mjög aðra vinnu með starfsmönnum ráðuneytisins þess á milli.